

Helgi Hjörvar

Formaður Efnahags- og viðskiptanefndar

Vegna Þingskjals 443 – 367. Mál

Frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, nr. 88/2005, með síðari breytingum.

Fyrir hönd nokkurra hraðflutningsfyrirtækja á Íslandi viljum við koma á framfæri athugasemdum vegna þingskjals 443 – 367. máls.

Efnahags- og viðskiptanefnd er með á borði sínu mál sem, ef af verður, myndi hafa gríðarleg áhrif á þjónustu hraðflutningsfyrirtækja og breyta allri þjónustu hraðflutningsfyrirtækjana til hins verra.

Hraðflutningsfyrirtæki byggja allan sinn grundvöll á því að þjóna viðskiptavinum sínum á sem mestum hraða. Viðskiptavinir verða að geta gengið að því vísu að sú þjónusta sem þeir greiða fyrir sé framkvæmd innan þeirra tímamarka sem þeim er upp gefin og geta þar klukkustundir eða mínútur skipt sköpum fyrir viðskiptavini.

Breyting á tollafgreiðsluþætti hraðsendinga getur haft úrslitaáhrif á að hægt sé að veita þessa þjónustu innan tímamarka og þar með breyta rekstarforsendum hraðflutningsfyrirtækja. Þar viljum við halda því fram að ef hraðflutningi verði gert að fara inn í núverandi kerfi almennra sendinga þá er það veruleg afturför. Að okkur mati mun tollstjóri aldrei geta tryggt að ekki verði tafir, en fjöldi hraðsendinga getur verið á bilinu 300 -1.000 á hverjum degi. Okkar skoðun er því sú að meirihluti hraðflutninga muni tefjast um 24-48 klst (1 – 2 virkir dagar), sem er sama og dauðadómur fyrir þjónustu okkar fyrirtækja.

Í gegnum tíðina hafa hraðflutningsfyrirtæki átt mjög mikið og farsælt samband við Tollstjórabembættinn í landinu og því skýtur það skökku við að lögð sé fram reglugerðarbreyting eins og þessi, sem getur haft gifurleg áhrif á þjónustu okkar, án þess að hafa nokkurt samráð við okkur. Og sérstaklega taka það fram að „vegna fjölda þeirra aðila sem um ræðir og tímaskorts var ekki haft samráð við þá við gerð frumvarpsins.“ Þessum vinnubrögðum höfnum við alfarið þar sem hraðflutningsfyrirtæki eru 4-6 talsins og minnsta mál að kalla þau saman með mjög stuttum fyrirvara og þarf það alls ekki að tefja málið. Það hefði verið mun eðlilegra að setjast niður með þessum fyrirtækjum og fara yfir málið og þær óskir um breytingar sem Tollstjórabembættinn hafa.

Í frumvarpinu koma fram nokkur atriði sem við viljum koma inn á og gera athugasemdir við:

1) Tollskoðun sendinga.

Í dag er það þannig að hraðsendingar eru þær sendingar sem eru lang mest teknar til tollskoðunar af öllum sendingarmátum til landsins. Algengt er að í kringum 10-17% sendinga séu stöðvaðar á hverjum degi, í samburði er hlutfall sendinga hjá öðrum flutningsaðilum t.d. flutningsmiðlurum í kringum 1-2%.

Þannig að tollskoðun er nú þegar mun meiri í hraðsendingum en hjá öðrum aðilum og því ekki hægt að sjá hvernig rafræn eftirlits- og síukerfi tollstjóra bæti það.

Jafnframt þessu þá höfum við aldrei séð það að það sé einhver veruleg tenging milli aðflutningsskýrsla og tolleftirlits, frekar er hér átt við innheimtueftirlit.

2) Kerfi í öðrum löndum

Í fylgiskjölum með reglugerðarbreytingu er sérstaklega tekið fram að: „Ekki er mælt fyrir um slíkan frest eða heimild til að afhenda hraðsendingar áður en follafrageiðsla fer fram í nágrennanlöndum Íslands í Evrópu, utan Noregs þar sem svipaðar reglur gilda.“

Þetta er hárrétt en hér eru nokkur atriði sem verður að benda á

- a) Í Evrópu er það þannig að mikili meirihluti(allt að 90%) sendinga eiga uppruna sinn innan Evrópu þannig að ekki er þörf á tollafgreiðslu sendingarinnar.
- b) Noregur er í nákvæmlega sömu stöðu og Ísland það þarf að tollafgreiða allar sendingar inn í landið og því hafa þeir eins og við talið það nauðsynlegt að hafa þetta kerfi á til að tryggja að þjónustan sé framkvæmanleg.
- 3) Skuldfærsluheimild hjá Tollstjóra.
Nefnt er í meðmælum með frumvarpinu að upplýsingar um skuldfærsluheimild móttakanda hjá tollstjóra liggi ekki fyrir þegar sendingar eru afhentar og lendi því hraðflutningsfyrirtæki í vanda þegar kemur að endanlegri tollafgreiðslu.
Hraðflutningafyrirtæki á Íslandi hafa í gegnum tíðina ítrekað tillögur um hvernig megi leysa þetta á mjög einfaldan hátt. Það að breyta afhendingarskilmálum hraðflutnings til að takast á við þetta stenst engan veginn. Það er minnsta mál með öðrum aðferðum að gera þetta miklu aðgengilegra og skilvirkara ef vilji væri fyrir hendi. Þannig að þessi rök standast ekki.
- 4) Tvíverknaður
Allir vilja koma í veg fyrir tvíverknað og óþarfa pappírs aðflutningsskýrslur. Ljóst er að verði af þessari breytingu þá mun verða gífurleg aukning á svokallaðri "afgreiðslu tvö". Það er að eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið lögð inn þá koma í ljós nýjar upplýsingar sem breyta afgreiðslu sendinga og því þarf að gera nýja aðflutningsskýrslu og senda inn á pappír með fylgigögnum til tollstjóra til afgreiðslu. Þetta mun auka óhagræði hjá tollstjórum og hraðflutningsfyrirtækjum í pappírsvinnu sem er ekki í anda framþróunar eða hagræðingarkröfu.
- 5) Innleiðingartími
Samkvæmt frumvarpi þá á reglugerðin að taka gildi 1. febrúar 2012, þetta teljum við mjög óraunhæfa tímasetningu. Miðað við reynslu okkar þá taka svona breytingar- og aðlögunarferli mun lengri tíma. Og í raun hefur enginn svarað því hvað gerist svo, því öllum er ljóst að hraðsendingar fari ekki inn í almenna sendingakerfið óbreytt, það er óvinnandi vegur.

Að óbreyttu sjá hraðflutningsfyrirtækin ekki að þau geti viðhaldið þjónustustigi sínu með þessari breytingu og tollstjóri hefur ekki gert neina tilraun til að útskýra hvernig hann ætlar að tryggja þjónustu við fyrirtækin. Verði þessi breyting gerð, eru rekstrarforsendur hraðflutningsfyrirtækja brostnar hér á landi.

Því krefjumst við þessa að Efnahags- og viðskiptanefnd fresti afgreiðslu málsins og gefi hraðflutningsfyrirtækjum tækifæri til að ræða við fjármálaráðuneytið og tollstjóraembættið um hvernig hægt sé að ná fram markmiðum þeirra án þess að leggja þjónustu hraðflutningsfyrirtækja í hættu.

Reykjavík, 5. Desember 2011

Héðinn Gunnarsson
Forstöðumaður TNT á Íslandi

Atli Einarsson
Framkvæmdastjóri DHL á Íslandi

Jón Ólafur Bergþórsson
Framkvæmdastjóri IceTransport ehf

Sigþór Skúlason
Framkvæmdastjóri Express ehf

Samrit sent eftirfarandi aðilum:

Tollstjóra - Snorri Olsen Tollstjóri

Fjármálaráðuneytinu - Steingrímur Sigfússon Fjármálaráðherra.